

Nefndasvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 03. maí 2011  
2011040017/42-1-1  
TB  
jgo/tb

**Frumvarp til laga um vatnalög og rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu  
(tímalengd nýtingarleyfa og forgangsréttur), 720. mál.**

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um vatnalög og rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (tímalengd nýtingarleyfa og forgangsréttur), 720. mál. Um er að ræða breytingu á lögum nr. 15/1923 og lögum nr. 57/1998.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur það mjög til bóta að nú sé búið að bæta inn í bæði framangreind lög ákvæðum um að í samningi um tímabundinn afnotarétt að réttindum skuli m.a. kveðið á um skyldur afnotahafa, skilyrði nýtingarleyfis, umgengni við náttúru, ábyrga nýtingu, hvernig skuli farið með mannvirki við lok samningstíma og hvernig frágangi auðlindar skuli háttað við lok samningstíma. Náttúrufræðistofnun telur þó að gera megi betur þ.e. að lögfesta skuli að nýtingin eigi að vera sjálfbær (það sé ábyrg nýting) og að umgengni við náttúruna skuli vera eins og best verður á kosið.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

